

Viðauki A.3 - Framboðssvæðisgreining birgðahalds eldsneytis

EFNISYFIRLIT

A.3.1	AÐFERÐARFRÆÐI	1
A.3.2	GÖGN	2
A.3.3	GREINING	2

A.3.1 Aðferðarfræði

Í því skyni að skilgreina landfræðilega markaði fyrir birgðahald eldsneytis var stuðst við svokallaða framboðssvæðisgreiningu (e. catchment area analysis).

Framboðssvæði er það svæði sem fyrirtæki fá flesta sína viðskiptavinum frá. Í tilfelli spítala er t.d. einfalt að ímynda sér að framboðssvæði spítalans sé það svæði, næst spítalanum, sem tiltekið hlutfall af sjúklingum koma frá. Til eru ýmsar aðferðir til þess að meta framboðssvæði en hér er það skilgreint sem það svæði í kringum hvern birgðatank þar sem 80% af því magni sem rennur í gegnum tankinn, mælt í gegnumstreymi, fer til. Þetta svæði er fundið út í fjörum skrefum:²³

1. Fjarlægð frá birgðatanki að hverjum og einum viðskiptavini (fjarlægð miðað við að keyrt sé á vegum) er mæld (miðað við stystu leið).
2. Viðskiptavinum er raðað eftir vegalengd (frá þeim sem er næst birgðatankinum til þess sem er fjærst tankinum).
3. Uppsöfnuð heildarviðskipti eru reiknuð út.
Hjá viðskiptavini 2 er fundin út samanlögð viðskipti fyrstu tveggja viðskiptavinanna, m.v. fjarlægð frá tankinum, og hjá viðskiptavini þrjú er fundin út samanlögð viðskipti fyrstu þriggja viðskiptavina o.s.frv.
4. Fundinn er sá viðskiptavinur þar sem að uppsöfnuð viðskipti ná a.m.k. 80% af því magni sem rennur í gegnum tankinn. Svæðið sem að sá viðskiptavinur og hinir á undan afmarka er metið sem framboðssvæði viðkomandi birgðatanks.

Landfræðilegur markaður vegna birgðahalds eldsneytis er því skilgreindur að jafnaði á eftirfarandi hátt. Í þeim tilvikum þar sem framboðssvæði hvers birgðatanks skarast ekki við framboðssvæði neins annars birgðatanks þá er hann sá eini sem er starfandi á viðkomandi markaði og því afmarkast landfræðilegi markaðurinn í því tilfelli af framboðssvæði viðkomandi birgðatanks. Þegar um er að ræða að framboðssvæði birgðatanka skarast þá teljast þeir vera á sama landfræðilega markaði ef að þau skarast að töluverðu leyti. Við skilgreiningu landfræðilegra markaða þarf þó einnig að taka tillit til annarra þátta og því er fyrrgreind aðferð aðeins til viðmiðunar.

²³ Byggir á aðferðum sem að breska samkeppniseftirlitið (Office of Fair Trading, OFT) notar reglulega í sínum skýrslum. Þeir hafa einnig notað aðrar aðferðir svo sem að teikna minnsta hringinn með fastann radius þannig að 80% viðskipta eru við kúnna innan þess, eða í þeim tilfellum sem upplýsingar eru minni er notast við ákveðinn radius frá hverri þjónustustöð/búð/útibúi sem grófnálgun á framboðssvæði. Sú aðferð sem er notuð hér er þó nákvæmari. Þá virðast markaðsskilgreiningarnar sem byggja á þessari greiningu skynsamlegar.

A.3.2 Gögn

Aflað var gagna um staðsetningar og hvaða eldsneytistegundir eru geymdar í birgðatönkum þeirra aðila sem sinna birgðahaldi á eldsneyti á Íslandi, þ.e. hjá Olíudreifingu, Skeljungu, Atlantsolíu, EBK og ITS. Jafnframt var aflað upplýsinga um í hversu mikilli fjarlægð móttakendur eldsneytis voru frá hverjum og einum tanki. Því til viðbótar var notast við landfræðigagnagrunna í eigu Landmælinga Íslands og Reykjavíkurborgar til þess staðsetja tankana á korti. Í greiningunni í kafla 3 í viðaukanum voru notaðar nýjustu upplýsingar sem fyrir lágu (frá árinu 2012) en reynt var að taka tillit til þeirra breytingar sem urðu á árunum 2013 og 2014.


Tafla A.3.1 Skammstafanir eldsneytistegunda.

Skammstöfun	Skilgreiningar
AGO	Dísilolía
B95	95 oktana bensín
B98	98 oktana bensín
JET	Potueldsneyti
MDO	Skipadísilolía
MGO	Skipagasolía


A.3.3 Greining

Á mynd A.1 má sjá yfirlit yfir staðsetningar birgðatanka þeirra fyrirtækja sem starfa á markaðnum. Misjafnt er þó eftir fyrirtækjum hvaða eldsneytistegundir eru geymdar í hverjum og einum birgðatanki. Eins og sjá má er Olíudreifing með mestu dreifinguna um landið og þar á eftir Skeljungur.

Myndir 2 – 13 sýna framboðssvæði eftir eldsneytistegundum og starfandi fyrirtækum. Skiptingu landfræðilegra markaða samkvæmt þeirri aðferð sem lýst er í kafla 1 í þessum viðauka má finna í kafla 3.4 í skýrslunni.



Mynd A.3.1 Staðsetning birgðastöðva eftir olúfélögum fyrir allar eldsneytistegundir



Gögn:
 Atlantsóla ehf., Olíudreifing ehf., Skeljungur hf.,
 Landmælingar Íslands (IS50v) og Reykjavíkurborg (LUKR).


Mynd A.3.2 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir dísilólú

[✕]

Mynd A.3.3 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir dísilólú, flokkað eftir fyrirtækjum

Birgðastöðvar 95 oktana bensíns (B95)

Flutningsþekja hvernar birgðastöðvar er skilgreind sem það landsvæði sem þekur flutning á 80% af gegnumstreymi (m.v. magn) viðkomandi birgðastöðvar



Gögn:
Atlantsólía ehf., Óliudreifing ehf., Skeljungur hf.,
Landmælingar Íslands (IS50v) og Reykjavíkurborg (LUKR).


Mynd A.3.4 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir 95 oktana bensín

[✂]


Mynd A.3.5 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir 95 oktana bensín, flokkað eftir fyrirtækjum

Birgðastöðvar 98 oktana bensíns (B98)

Flutningsþekja hvernar birgðastöðvar er skilgreind sem það landsvæði sem þekur flutning á 80% af gegnumstreymi (m.v. magn) viðkomandi birgðastöðvar



Mynd A.3.6 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir 98 oktana bensín




Gögn:
 Olíudreifing ehf., Skeljungur hf.,
 Landmælingar Íslands (IS50v) og Reykjavíkurborg (LUKR).

Mynd A.3.7 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir skipaðísilólíu

[✕]

Mynd A.3.8 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir skipaðísilólíu, flokkað eftir olíufélögum




Gögn:
 Olíudreifing ehf., Skeljungur hf.,
 Landmælingar Íslands (IS50v) og Reykjavíkurborg (LUKR).

Mynd A.3.9 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir skipagasolíu

[✕]

Mynd A.3.10 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir skipagasolíu, flokkað eftir fyrirtækjum



Gögn:
 Olíudreifing ehf., Skeljungur hf., Ísfélag Vestmannaeyja hf.
 Landmælingar Íslands (IS50v) og Reykjavíkurborg (LUKR).

Mynd A.3.11 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir skipagasolíu

[✕]

Mynd A.3.12 Framboðssvæðisgreining birgðastöðva fyrir svartolíu, flokkað eftir fyrirtækjum

